

Ár 2010, þriðjudaginn 23. febrúar, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Guðrúnu Zoëga, Jakobi R. Möller og Jónasi Þór Guðmundssyni.

Fyrir var tekið:

### **Að ákveða laun og starfskjör forstjóra Fjármálaeftirlitsins**

#### **I.**

Fullskipað kjararáð hefur í dag kveðið upp úrskurð nr. 2010.4.001 um almennar forsendur ákvarðana um laun og önnur starfskjör þeirra sem með lögum nr. 87/2009 bættust í þann hóp sem undir kjararáð heyrir. Meðal þeirra er forstjóri Fjármálaeftirlitsins, en lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi nr. 87/1998 var breytt með fyrrnefndum lögum þannig að kjararáð ákveður nú laun og starfskjör forstjórans. Með þessum úrskurði tekur þriggja manna kjararáð ákvörðun um launakjör forstjóra Fjármálaeftirlitsins og byggir hún á þeim almennu forsendum sem ákveðnar eru í fyrrnefndum úrskurði fullskipaðs kjararáðs. Ber því að líta á úrskurðina sem eina heild.

#### **II.**

Kjararáð skrifaði forstjóra og stjórn Fjármálaeftirlitsins bréf, dagsett 22. september 2009, og gaf þeim kost á að koma sjónarmiðum á framfæri við ráðið auk þess sem óskað var eftir ítarlegum upplýsingum um öll núverandi starfskjör, þar með talin hlunnindi, svo sem bifreiða- og aksturshlunnindi, sérstakar greiðslur í lífeyrissjóð o.þ.h. Auk þess var óskað eftir upplýsingum um öll launuð aukastörf. Í bréfunum voru kynntar helstu breytingar sem gerðar voru með lögum nr. 87/2009 á lögum um kjararáð og á lögum nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Sérstaklega var óskað eftir afriti af ráðningarsamningi eða erindisbréfi. Efnahags- og viðskiptaráðuneyti var skrifað 12. október og fjármálaráðuneyti 15. október 2009 og þeim gefinn kostur á að koma sjónarmiðum á framfæri við ráðið.

Forstjóri Fjármálaeftirlitsins svaraði með bréfi dagsettu 7. október 2009. Í bréfinu gerði hann grein fyrir kjörum sínum. Allar yfirvinnugreiðslur væru hluti af umsömdum mánaðarlaunum. Honum væru lögð til nauðsynleg starfstæki, svo sem fartölva og farsími sem Fjármálaeftirlitið greiddi kostnað af. Öllum starfsmönnum Fjármálaeftirlitsins stæði árlega til boða 60.000 kr. íþróttastyrkur og 60.000 kr. gististyrkur, en hann hefði hvorugan styrkinn nýtt. Hann nyti ekki annarra launa né hlunninda í starfi sínu sem forstjóri Fjármálaeftirlitsins. Hann væri ábyrgur fyrir daglegum rekstri og stjórnun stofnunarinnar, en þar störfuðu nú 70 manns, álag hefði aukist umtalsvert í kjölfar bankahrunsins í október 2008 auk þess sem gert væri ráð fyrir að það mundi haldast verulegt að minnsta kosti til loka ársins 2010, meðal annars vegna umfangsmikilla rannsóknarverkefna. Mörg ný verkefni væru einnig á döfinni og mætti sem dæmi nefna stofnun nýrrar deildar, rannsókn reikningsskila, í samræmi við sameiginlega viljayfirlýsingu ríkisstjórnar Íslands og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Laun og starfskjör núverandi forstjóra væru umtalsvert lakari en forvera hans og teldi hann að launakjör hans bæru þess merki að brugðist hefði verið við eðlilegri ráðstöfun til lækkunar á kostnaði hins opinbera. Frekari aðgerðir væru til þess fallnar að raska eðlilegu launabili innan stofnunarinnar og innbyrðis samræmi í starfskjörum í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir gætu talist með tilliti til starfa og ábyrgðar, sbr. 1. mgr. 8. gr. laga um kjararáð.

Bréfi forstjórans fylgdi ráðningarsamningur. Í honum kemur fram, auk þess sem áður er getið, að forstjórinn skuli helga Fjármálaeftirlitinu alla starfskrafta sína og gegni ekki launuum aukastörfum nema með samþykki stjórnarformanns. Forstjórinn skuli láta í té nauðsynlega vinnu til þess að inna af hendi skyldur sínar samkvæmt samningnum og beri ekki réttur til sérstakra yfirvinnugreiðslna. Laun og þóknanir fyrir setu forstjórans í nefndum og

stjórnnum fyrir hönd Fjármálaeftirlitsins renni til þess. Auk þess var fjallað um iðgjald launagreiðanda í lífeyrissjóð, orlofsrétt og rétt til launa í veikindum. Forstjóri er ráðinn ótímabundið og er uppsagnarfrestur sex mánuðir. Hann skuldbindur sig til þess að gerast ekki starfsmaður, ráðgjafi, stjórnarmaður eða eigandi eftirlitsskylds aðila í a.m.k. sex mánuði frá starfslokum.

Stjórn Fjármálaeftirlitsins svaraði með bréfi dagsettu 23. október 2009. Þar segir að stjórnarsýslulega heyri stofnunin undir efnahags- og viðskiptaráðherra, en til þess að undirstrika faglegt sjálfstæði hennar sé forstjóri ráðinn af stjórn Fjármálaeftirlitsins. Hlutverk Fjármálaeftirlitsins sé að hafa eftirlit með að fjármálastarfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við lög, reglugerðir og samþykktir hverju sinni. Fjármálaeftirlitinu hafi verið falið veigamikið hlutverk í kjölfar bankahrunsins við að koma bankakerfinu af stað á nýjan leik. Vegna aukinna verkefna samfara bankahrununu og fjölda umfangsmikilla og flókinnar rannsókna hafi álag á stofnunina og starfsmenn, sem séu 70 talsins, aukist mjög og sé útlit fyrir að álag verði áfram mikið. Forstjóri beri ábyrgð gagnvart stjórn á daglegum rekstri og stjórnun stofnunarinnar. Forstjóra sé ekki greitt sérstaklega fyrir yfirvinnu. Verkefni og álag hafi aukist gríðarlega vegna þess ástands sem nú ríki á fjármálamörkuðum. Við ákvörðun launa hafi verið litið til launa Seðlabankastjóra og launa bankastjóra nýju viðskiptabankanna auk launa forstjóra annarra sjálfstæðra eftirlitsstofnana. Þrátt fyrir miklar kröfur og fyrirséð vinnuálag hafi verið samið um laun sem væru lægri en forvera hans og séu laun hans meira en fjórðungi lægri en laun forverans þegar þau voru hæst. Laun aðstoðarforstjóra séu jafnhá launum forstjóra. Stjórnin legði áherslu á nauðsyn þess að staða forstjóra og annarra starfsmanna gagnvart þeim aðilum sem eftirlitið beinist að sé sterk. Ljóst sé að hæfni forstjórans sé ekki aðeins brýn fyrir starfsemi fjármálaeftirlitsins heldur fyrir efnahagslífið allt. Lagði stjórnin áherslu á að laun forstjórans yrðu ekki lækkuð umfram það sem þegar hefði verið gert.

Í svari efnahags- og viðskiptaráðuneytisins sem dagsett var 23. október 2009, segir að mælt sé fyrir um skipulag Fjármálaeftirlitsins í lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Þar segi að Fjármálaeftirlitið skuli fylgjast með að starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við lög, reglugerðir, reglur eða samþykktir sem um starfsemina gildi og að hún sé í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti. Með yfirstjórn eftirlitsins fari þriggja manna stjórn sem efnahags- og viðskiptaráðherra skipi til fjögurra ára. Forstjóri annist daglega stjórnun á starfsemi og rekstri stofnunarinnar og ráði starfsmenn. Hann skuli hafa menntun á háskólastigi og búa yfir viðtækri þekkingu og starfsreynslu á fjármagnsmarkaði. Þá segir að ráðuneytið leggi starf forstjóra Fjármálaeftirlitsins, Samkeppniseftirlitsins og Seðlabankastjóra að jöfnu. Þessar stofnanir séu allar í lykilhlutverki við endurreisn íslenska efnahagskerfisins eftir hrunið. Allar þurfi þær að keppa við einkamarkað um starfsfólk, bæði að því er varðar forstjóra og annað starfsfólk. Því verði laun umræddra forstöðumanna að vera samkeppnishæf við þau laun sem í boði séu á einkamarkaði.

Bréf dagsett 23. október 2009 barst frá fjármálaráðuneytinu. Í því komu ekki fram sérstök sjónarmið um laun og starfskjör forstjóra Fjármálaeftirlitsins.

Með bréfi dagsettu 18. janúar 2010 kynnti kjararáð forstjóra Fjármálaeftirlitsins drög að fyrirhuguðum úrskurði um almennar forsendur ákvörðunar um laun og fyrirhugaða ákvörðun um laun hans og önnur starfskjör og gaf honum kost á að koma athugasemdum sínum á framfæri við ráðið.

Bréf dagsett 29. janúar 2010 barst frá forstjóra Fjármálaeftirlitsins. Í bréfinu segir að samkvæmt meginreglu stjórnarsýsluréttar teljist það forsenda andmælaréttar að sá aðili sem íþyngjandi stjórnvaldsákvörðun beinist að eigi þess kost að koma sjónarmiðum sínum í málinu að áður en stjórnvald taki slíka ákvörðun. Í þessu máli liggja þegar fyrir drög að þeirri ákvörðun sem beri það með sér hvernig hin endanlega ákvörðun muni hljóða sem og

fyrirhuguð launafjárhæð og einingafjöldi, en þessi háttur virðist ekki standast þær kröfur sem gera verði til vandaðra stjórnsýsluhátta. Forstjórinn benti á að hann væri með mun lægri laun en forveri hans hefði haft þegar þau voru hæst á árinu 2008 og lagði áherslu á að fyrirhuguð breyting á launakjörum yrði endurskoðuð þannig að ekki yrði um óhóflega lækkun launa hans að ræða að teknu tilliti til fyrri breytinga.

Kjararáð bendir í þessu samhengi á að forstjórinn hefur áður fengið tækifæri til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við ráðið, en það var gert í bréfi dagsettu 22. september 2009 eins og fram kemur í upphafi þessa kafla. Með bréfi kjararáðs dagsettu 18. janúar 2010 var forstjóranum gefinn kostur á að andmæla drögum að ákvörðun sem var í undirbúningi en hafði ekki verið tekin. Auk þess sendi kjararáð honum bréf, dagsett 9. febrúar 2010, og gaf honum kost á að koma frekari sjónarmiðum og athugasemdum á framfæri við ráðið. Bréfinu fylgdi rökstuðningur kjararáðs fyrir fyrirhugaðri ákvörðun um launakjör hans, þar sem meðal annars kom fram við hvað hún væri miðuð.

Forstjórinn sendi bréf dagsett 18. febrúar 2010. Í bréfinu voru áréttuð þau sjónarmið sem fram komu í bréfi hans dagsettu 29. janúar 2010. Sérstaklega vildi hann andmæla heildarlækkun launa forstjóra Fjármálaeftirlitsins frá árinu 2008.

### III.

Markmið laga nr. 87/1998 er samkvæmt 1. gr. laganna að stuðla að því að fjármála-starfsemi sem lögin taka til sé í samræmi við lög, reglugerðir, reglur og samþykktir sem hverju sinni gilda um starfsemina. Eftirlit samkvæmt lögnum tekur til starfsemi viðskiptabanka og sparisjóða og annarra fjármálafyrirtækja. Í 3. gr. laganna segir að Fjármálaeftirlitið fari með eftirlit samkvæmt lögnum. Fjármálaeftirlitið er ríkisstofnun sem lýtur sérstakri stjórn og heyrir undir efnahags- og viðskiptaráðherra. Þriggja manna stjórn sem skipuð er af ráðherra fer með yfirstjórn Fjármálaeftirlitsins. Hlutverk hennar er að móta áherslur í starfi og fylgjast með starfsemi og rekstri Fjármálaeftirlitsins og skal bera meiri háttar ákvarðanir undir stjórnina til samþykktar eða synjunar. Stjórnin ræður forstjóra sem annast daglega stjórnun á starfsemi og rekstri stofnunarinnar og ræður starfsmenn. Fjármálaeftirlitið skal fylgjast með að starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við lög, reglugerðir, reglur eða samþykktir sem um starfsemina gilda og að starfsemin sé að öðru leyti í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti. Fjármálaeftirlitið getur lagt dagsektir á aðila veiti hann ekki umbeðnar upplýsingar eða sinni ekki kröfum um úrbætur innan hæfilegs frests og tekur stjórnin ákvarðanir um dagsektir. Stjórnin getur líka lagt féviti á aðila sem brýtur gegn ákvörðunum sem teknar hafa verið af stjórn Fjármálaeftirlitsins. Telji Fjármálaeftirlitið að refsiverð brot hafi verið framin á lögum eða reglum, sem Fjármálaeftirlitinu ber að framfylgja, og það telur brotið meiri háttar ber því að vísa þeim til lögreglu. Ákvörðunum Fjármálaeftirlitsins verður ekki skotið til ráðherra.

### IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð nr. 47/2006 segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Með lögum nr. 148/2008 var kjararáði falið, án tillits til fyrri lög mæltra viðmiða, að kveða upp úrskurð fyrir árslok 2008 er fæli í sér 5–15% launalækkun alþingismanna og ráðherra er gilti frá 1. janúar 2009. Til ársloka 2009 skyldi ráðinu óheimilt

að endurskoða úrskurðinn til hækkunar. Jafnframt skyldi kjararáð endurskoða kjör annarra til samræmis. Svohljóðandi málsliður bættist við 8. gr. laganna með breytingu sem gerð var á lögum um kjararáð með lögum nr. 87/2009: „Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra skv. 3. gr.“ Föst laun forsætisráðherra eru nú 935.000 krónur á mánuði. Síðast var lögum um kjararáð breytt með lögum nr. 127/2009 en í þeim segir að til nóvemberloka 2010 sé óheimilt að endurskoða til hækkunar úrskurði sem kveðnir höfðu verið upp á grundvelli laga nr. 148/2008. Við endurskoðun eða ákvörðun kjara annarra aðila sem heyra undir ráðið skuli gætt innbyrðis samræmis eftir því sem framast sé unnt og að virtum ákvæðum 8. gr. laga nr. 47/2006.

Með þeim breytingum, sem að ofan greinir, á skipulagi ákvarðana um launakjör þeirra sem heyra undir kjararáð hefur, eins og fram kemur í úrskurði nr. 2010.4.001, verið raskað því fyrirkomulagi og viðmiðum sem tilgreind voru í 8. gr. laga um kjararáð nr. 47/2006 eins og þau upphaflega voru. Kjararáð verður samkvæmt 8. gr. eins og hún nú er fyrst og fremst að miða við föst laun forsætisráðherra og þær ákvarðanir sem Alþingi tók um lækkingu launa þeirra sem hafa heyrt undir ákvörðunarvald ráðsins. Af þessu leiðir einnig, að svo geti í auknum mæli farið að æðsti stjórnandi hlutafélags eða stofnunar í eigu ríkisins verði ekki með hæst laun starfsmanna, en við því hefur kjararáð engin úrræði. Fyrirvaralaus ákvæði laga nr. 148/2008 og 87/2009 hafa í reynd afnumið meginefni 8. gr. laga um kjararáð.

Þeir sem heyra undir ákvörðunarvald kjararáðs taka laun samkvæmt launaflokkum 123 til 142, að forseta Íslands og forsætisráðherra undanskildum. Mánaðarlaun í launaflokki 123 eru 458.224 krónur, í launaflokki 140 806.230 krónur og í launaflokki 142 862.207 krónur. Í launaflokkum 140 til 142 eru hæstaréttardómarar, ríkissáttasemjari, ríkisendurskoðandi, rektor Háskóla Íslands, vegamálastjóri, skrifstofustjóri Alþingis og ráðuneytisstjórar. Auk mánaðarlauna fá þessir embættismenn greitt fyrir yfirvinnu og álag í formi eininga, 6 til 24 einingar á mánuði, forseti Hæstaréttar mest, en aðrir mest 18 einingar. Einingafjöldi til viðbótar mánaðarlaunum í launaflokkum 123 til 142 er almennt á bilinu 0-20.

Fjármálaeftirlitið gegnir mikilvægu hlutverki við uppbyggingu efnahagslífsins og eftirlit með fjármálastarfsemi í landinu. Við ákvörðun mánaðarlauna forstjórans, þ.e. fastra launa fyrir dagvinnu, hefur kjararáð meðal annars haft hliðsjón af mánaðarlaunum ríkislögreglustjóra og ríkissaksóknara, en þeir eru í launaflokkum 138 og 140. Þá hefur kjararáð við ákvörðun eininga gætt meðalhófssjónarmiða til þess að komast hjá því að laun lækki óhóflega. Þetta leiðir til tímabundins ósamræmis við laun þeirra sem hafa heyrt undir kjararáð, en búast má við endurskoðun einingafjölda allra þeirra sem undir það heyra eftir 1. desember 2010 eins og nánar er gerð grein fyrir í úrskurði nr. 2010.4.001.

Vakin er athygli á því að í úrskurði nr. 2010.4.001 um almennar forsendur segir að kjósi framkvæmdastjóri að halda bifreiðahlunnindum samkvæmt ráðningarsamningi, þar með töldum greiðslur sem miðast við tiltekinn fjölda ekinna kílómetra, skal verðmæti þeirra samkvæmt mati ríkisskattstjóra dragast frá heildarlaunum sem kjararáð ákveður og fram koma í ákvörðunarorði. Jafnframt segir að laun séu ákveðin miðað við lífeyrisréttindi í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) og sé miðað við að verðmæti iðgjalds launagreiðanda sé 20% af heildarlaunum. Sé iðgjald launagreiðanda í annan lífeyrissjóð en LSR, að séreignasjóði meðtöldum, herra eða lægra en 20% af launum skulu heildarlaun, sem ákveðin verða af þriggja manna kjararáði, hækka eða lækka um það hlutfall sem mismuninum nemur. Sama á við ef greitt er meira eða minna en 2% af launum í séreignasjóð fyrir félagi á LSR, sjá nánar kafla VIII í úrskurði nr. 2010.4.001. Þá skulu greiðslur fyrir fastlínusíma á heimili framkvæmdastjóra dragast frá heildarlaunum sem fram koma í ákvörðunarorði.

Eins og fram kemur í IX. kafla úrskurðar kjararáðs nr. 2010.4.001 taka ákvarðanir ráðsins gildi frá ákvörðunardegi nema annað sé sérstaklega tekið fram í einstökum ákvörðunum.

Að öðru leyti en hér kemur fram vísast til úrskurðar kjararáðs um almennar forsendur nr. 2010.4.001, sem gilda um laun og starfskjör forstjóra Fjármálaeftirlitsins.

**V.**

**Ákvörðunarorð**

Frá og með 1. mars 2010 skulu mánaðarlaun forstjóra Fjármálaeftirlitsins vera samkvæmt launaflokki 502-139, nú 779.653 krónur. Að auki skal greiða honum 60 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu og álag er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 502-126, nú 5.058 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru miðuð við fullt starf þannig að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör forstjóra Fjármálaeftirlitsins gilda reglur kjararáðs frá 30. maí 2007.

Ákvörðun þessi gildir fyrir þann sem nú gegnir starfi forstjóra Fjármálaeftirlitsins.

---

Guðrún Zoëga

---

Jakob R. Möller

---

Jónas Þór Guðmundsson